

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

38. fundur 1. ágúst 2006

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs þriðjudaginn 1. ágúst 2006 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 15.00. Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður og Hrafnhildur Hjaltadóttir og varamennirnir Svana Svanþórsdóttir, Svandís Skúladóttir og Hjörtur Pálsson, sem falið var að rita fundargerð, auk Hrafns Sveinbjarnarsonar héraðsskjalavarðar. Bjarni Ólafsson og Gylfi Gröndal voru forfallaðir.

Áður en fundur hófst sýndi héraðsskjalavörður nýjum stjórnarmönnum húsnæði safnsins, en síðan setti formaður fund og gengið var til dagskrár sem var sem hér segir:

1. Ný stjórn skiptir með sér verkum.
2. Húsnæðismál.
3. Önnur mál.

1. Ný stjórn skiptir með sér verkum.

Skv. bréfi til formanns frá Kópavogsbæ, dags. 24. júlí 2006 og undirrituðu af fjármála- og hagsýslustjóra, kaus bæjarstjórn Héraðsskjalasafni Kópavogs nýja þriggja manna stjórn stjórn og þrjá til vara á fundi sínum 27. júní sl. Kosningu hlutu sem aðalmenn Hilmar Björgvinsson formaður, Hrafnhildur Hjaltadóttir og Bjarni Ólafsson, en sem varamenn Svana Svanþórsdóttir, Hjörtur Pálsson og Svandís Skúladóttir. - Formaður lagði til að Bjarni Ólafsson yrði ritari, en Hrafnhildur Hjaltadóttir meðstjórnandi, og var það samþykkt.

Fyrirverandi ritari skilaði síðan af sér fundargerðabók og skyldum gögnum, en að því loknu dreifði héraðsskjalavörður, nýjum fundarmönnum til fróðleiks, ljósritum af lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands, reglugerð nr. 283/1994 um héraðsskjalasöfn og samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs fyrir Bæjarskjalasafn Kópavogs frá 24. okt. 2000, staðfestri af þjóðskjalaverði í des. sama ár.

2. Húsnæðismál.

Í tilefni af þreifingum tiltekinna bæjarstofnana sem hafa undir höndum gögn um viðkvæm mál sem þær vilja að héraðsskjalasafnið taki við, en ekki er ætlast til að séu óviðkomandi aðgengileg án heimildar (s.s. persónuleg gögn frá fjölskyldudeild félagsþjónustunnar eða sálfræðiþjónustu skólanna) var rætt um aðstæður í safninu og húsnæðismál þess. Engin öryggisgeymsla er þar og því ekki unnt að taka við fyrrgreindum og skyldum gögnum nema úr verði bætt, en þessi mál höfðu verið rædd fyrr á fundum stjórnar (sbr. t.d. 35. fg., 1.l.; og 37. fg., 4. l.).

Stjórnarmenn ræddu hvaða kostir væru helst fyrir hendi í húsnæðismálum. Héraðsskjalavörður minnti í því sambandi á mikilvægi þess að geymsla skjala væri í nágrenni við stjórnsýsluna. Niðurstaða umræðna var sú að stefnt skyldi að því að taka upp viðræður við bæjaryfirvöld um húsnæði safnsins og það sem á skortir í sambandi við örugga skjalageymslu.

3. Önnur mál.

Héraðsskjalavörður gerði stjórninni grein fyrir vanda sem einkum varðar skipulag og vinnubrögð í ljósi þess að héraðsskjalasafnið er í raun vaxið upp úr skjalasafni bæjarskrifstofanna, en lýtur öðrum lögmálum og er ætlað mun víðtækara hlutverk en slík stjórnsýslusöfn gegna (sbr. 36. fg., 3.1.). Vonir standa til að bæjaryfirvöld greiði úr þessu sem fyrst eftir að bæjarritari og sviðsstjóri tómsunda- og og menningarsviðs hafa borið saman bækur sínar.

Fleira gerðist ekki.
Fundir slitið kl. 16.50.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hrafnhildur Hjaltadóttir

Svandís Skúladóttir

(Hjörtur Pálsson
ritari)